

**Stjórnarfundur Leiknar föstudaginn 8. nóvember 2019**

**kl.11:30-13:30.**

**Staður: Skipholti 50b, 105 Reykjavík, Starfsmennt**

Mætt: Guðrún Vala (GV), Helga (HG), Helgi (HS), Ingibjörg (IK), Eyjólfur (ES) og Guðfinna (GH), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Sólrún (SB).

### **1. Heimasíða Leiknar og veffréttabréf**

Umræða um heimasíðu Leiknar og hvort mögulegt, tæknilega séð, væri að láta fréttir frá öllum aðildarfélögum birtast á Leiknarsíðunni. Markmiðið væri að fá meiri umferð um síðuna. GH falið að skoða hvernig hægt er að auka líf á heimasíðunni m.a. með því að tengja saman FB og fréttasíðu vefsíðunnar.

Veffréttabréf verður gefið út tvisvar á ári, stefnum á að ná einu fyrir jól.

### **2. Facebook síða Leiknar**

Tekin til umræðu ábending um innlegg á Facebókarsíðu Leiknar. Stjórn er sammála um að halda síðunni lifandi með því að bjóða allt efni velkomið sem tengist fullorðinsfræðslu með einu eða öðrum hætti.

*Helgi mætir til fundar.*

### **3. Fjarfræðsluerindi framundan (+ tæknimál)**

Búið er að taka upp erindi Bjargar Árnadóttur og setja á YouTube en GV er búin að stofna YouTube rás Leiknar. NVL ætlar að hætta með AdobeConnect svo eldri fjarfræðsluerindum verður hlaðið niður á YouTube.

*Helga mætir til fundar.*

Áætluð erindi veturinn 2019-2020:

- Björg Árnadóttir um Evrópuverkefni, reynslusögur (komið inn á YouTube).
- Helga, kynning á Fjölmennt.
- Markus Hermann Meckl um niðurstöður rannsóknar á íslenskukennslu fyrir útlendinga (GV kannar).
- Starfsmennt, um raunfærnimat á móti viðmiðum Háskólabrúar Keilis.
- SÍMEY um námsleiðir framhaldsfræðslunnar, námið er keyrt á vinnutíma og vinnustað.
- Um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs (Starfsmennt, SÍMEY og Fræðslunet Suðurlands eru öll þátttakendur í tilraunaverkefninu).
- Framvegis, grunnúrræði fyrir ungt fólk sem er í úrræðum hjá Virk og Fjölsmiðjunni.
- Erindi um umhverfisvernd, Anna Lára Steindal (GV kannar).

ES sagði frá því að síðar í dag verði fundur haldinn að frumkvæði Kvasis með Rannís og fleirum um niðurstöður rannsóknar á íslenskukennslu fyrir útlendinga. Skýrsluna má finna á <https://www.unak.is/static/files/Frettir/2019/mai/islenskukennsla-innflytjenda.pdf>

#### 4. Framhaldsfræðslulögin staða mála

GV sendi á stjórn upplýsingar frá Huldu Önnu Arnljótsdóttur (HAA) hjá MRN um stöðu mála varðandi endurskoðun framhaldsfræðslulaga og fjárframlög til framhaldsfræðslunnar skv. fjárlögum. ES fór yfir það helsta sem fram kom í máli HAA á haustfundi Kvasis, en fjárframlög lækka milli ára og endurskoðun á framhaldsfræðslulögum er í bið, samningar við símenntunarmiðstöðvar verða væntanlega endurnýjaðir þó aðeins til eins árs.

#### 5. Norræna samstarfið

HS sótti fund í Finnlandi nú fyrr í haust í norræn-baltneska undirneti EAEA. Þar voru fulltrúar frá Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og Eistlandi, fulltrúar Noregs áttu ekki heimangengt því þeir þurftu að mæta fyrir fjárlaganefnd til að ræða framlög til fullorðinsfræðslunnar þar í landi.

Finnarnir kynntu nýtt hugtak sem snýr að aukinni meðvitund og fræðslu um umhverfisvitund og hefur hlotið heitið *ecosocial folkbildung*. Finnar stefna á að keyra þetta í öllum lögum menntakerfisins sem einn af lykilhæfnipáttunum.

Finnland fer með formennsku í ESB sem stendur og var töluverð umræða um fullorðinsfræðsluna á ESB-level. Þar snýst þetta mikið um samkeppnishæfni ESB, loftlagsbreytingar, velferð og eflingu hæfni einstaklinga og vinnuafnsins. Mikið talað um að auka framlegð en ekkert um að minnka sóun.

Áhugi er fyrir því að búa til norrænt manifesto (stefna um fullorðinsfræðslu) sem tæki til tíu ára. Ef farið verður í slíka vinnu verður væntanlega haldin NVL ráðstefna þar sem fólki gefst færi á að koma með skoðun sinni að.

DK og SE hafa sett á laggirnar gagnagrunn yfir rannsakendur í fullorðinsfræðslu og er grunnurinn tilbúinn, Helgi bíður eftir að fá slóðina senda og mun í kjölfarið senda á stjórn.

#### 6. Staða á „Manifesto“

Hefur verið þýtt yfir á íslensku og er farið í prófarkalestur. Skjalið mun væntanlega berast stjórn til yfirlestrar á næstu dögum. Eftir það verður það sett upp og prentað og sent út til ýmissa aðila. Samþykkt að senda með íslensku útgáfunni af Manifesto kynningarbréf þar sem minnt verður á tilvist Leiknar, hlutverk og hagsmunavörslu.

#### 7. Námsferðir Leiknar (umsókn, mat, samþykktir, niðurstaða, auglýsa)

Fjórar ferðir fyrir einstaklinga, verður auglýst síðar.

#### 8. Námsferð stjórnar (dagsetja)

Leikn fékk styrk til ferðar stjórnar til Danmerkur. Markmið slíkrar ferðar er að kynna fullorðinsfræðslu í Danmörku, stefnumótun, framkvæmd, áskorunum og verkefnum. Styrkurinn dugar fyrir stjórn (7 manns) auk þess aðila sem sinnir kynningarmálum fyrir hönd Leiknar, samtals 8 manns. Stutt hugarflug um hvaða staði væri áhugavert að skoða, ákveðið að setja upp padlet til að safna hugmyndum og GV mun setja upp Doodle til að kanna með hentuga dagsetningu. HS, IK og GH voru skipuð í starfshóp til að skipuleggja ferðina.

## 9. Kynningarstarf Leiknar

Fer í gang um leið og Manifesto verður tilbúið til útsendingar.

## 10. Önnur mál

- Póstur frá félagsmálaráðuneyti barst meðan á fundi stóð um að ráðherra hefði falið innflytjendaráði að vinna drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2020-2024 samkvæmt lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012. Í póstinum segir: „Það er vilji innflytjendaráðs að leita víðtæks samráðs við gerð tillögunnar. Ákveðið hefur verið að leita til aðila sem þekkja til stöðu innflytjenda og gefa þeim kost á að koma á framfæri ábendingum og hugmyndum sem innflytjendaráð mun síðan vinna úr. Áður en hugmyndir og ábendingar eru settar fram er mikilvægt að kynna sér gildandi framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016-2019, sem er að finna á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/145/s/1285.html>. Hún kveður á um aðgerðir undir fimm stoðum, þ.e. samfélagið, fjölskyldan, menntun, vinnumarkaður og flóttafólk. Gert er ráð fyrir að næsta framkvæmdaáætlun muni byggja á sömu stoðum. Þess er vinsamlega óskað að ábendingar og hugmyndir berist fyrir 20. nóvember 2019 á [frn@frn.is](mailto:frn@frn.is) merkt Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2020-2024.“ Hver og einn meðlimur stjórnar Leiknar mun skoða málið betur og senda tillögur að ábendingum og hugmyndum á GV áður en frestur rennur út.
- ES minnti á ráðstefnu Kvasis, Leiknar og NVL, sem haldin verður vorið 2020 og óskaði eftir fulltrúa Leiknis í undirbúningsnefnd. Samþykkt að GV verði sá fulltrúi.

Fundi slitið kl. 13:40, næsti fundur verður ákveðinn síðar.